

73. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 30.01.2017

Mættir: Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þuríður Helga Benediktsdóttir

Fundur settur kl.13.30 í Skaftárstofu

Dagskrá fundar:

1. Múlakotskóli

Nýjir gluggar er væntanlegir um miðjan mars. Áætlaður heildarkostnaður er 1.700.000 kr. Búið er að sækja um styrk frá Húsafriðunarsjóði upp að allt að 2.000.000 kr. til viðbótar við styrk sem nefndin fékk 2016 og hljómaði upp á 1.500.000 kr.

2. Vetrarviðburðir

- 11. febrúar – áætla að sýna bíómyndina Fjallkóngar í félagsheimilinu.
- Hugmynd uppi um að fá leikritið Gísli á Uppsölum á klaustur eftir páska.
- Áætlað er að halda Borðspilakvöld í mars í félagsheimilinu.

3. Kammertónleikar

Sveitastjórn hefur tekið ákvörðun um að halda ekki Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri 2017. Nefndinni hefur verið falið að velta upp hugmyndum fyrir nýja viðburði.

4. Uppskeruhátíð 2017

Nokkrar hugmyndir hafa komið fram um að halda Uppskeruhátíðina í Meðallandi 2017.

Fundi slitið kl.15.10